

Ed.

142. Frumvarp til laga

um breyting á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933.

Fhm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000.00 — einni milljón króna —, gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Húsavíkur.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 2100000.00 — tveggja milljóna og eitt hundrað þúsund króna — lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Húsavík fékk sín hafnarlög árið 1933. Var þá þegar hafizt handa um framkvæmdir og gerð mikil bryggja fram á vikina. Er það mikið mannvirki, sem hefur gerðbreytt til bóta allri aðstöðu við uppskipun á Húsavík og getur auk þess verið skjólgarður móti sunnan- og suðvestanátt, þegar byggður hefur verið hafnargarður norðvestan við væntanlega báta- og skipalegu.

Húsavíkurbryggjan hefur kostað um hálf milljón króna, og er kauptúnið að vonum í allmikilli skuld fyrir sínu framlagi. En engu að síður er hinn mesti áhugi fyrir því að fá reistan skjólgarð með bryggju til að loka höfninni móti verstu veðraáttinni. Vonir Þingeyinga hafa glæðzt í þessu efni við það, að stjórn sildarverksmiðja ríkisins telur Húsavík einn hinn bezta stað á landinu fyrir sildarbræðslustöð og hefur gert samning þar að lútandi við stjórn Húsavíkurrepps. Er sá samningur birtur hér sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Húsavíkurböfn er nú sem stendur lík þeirri hlöðu á sveitabæ, þar sem veggir eru fullgerðir, en vantar þakið. Bryggjan nýgerða er til mikils léttis við afgreiðslu báta og skipa. En fiskiflota Húsvíkinga vantar skjól, og á vetrum verða Húsvíkingar að flytja þá báta, sem ekki er auðvelt að draga á land, til Akureyrar, af því að á sjálfri höfninni eru þeir í stöðugri hættu, þegar fárviðri geisa. Af þessum ástæðum getur útvegur á Húsavík ekki vaxið, svo að heitið geti, nema skjólgarður verði byggður úr Höfðanum norðan við höfnina, eftir skerjaklasa norðvestanvert við skipa- og bátaleguna. Er það hin bezta undirstaða. En skjólgarðurinn þarf að liggja nokkuð lengra fram á dýpið, og er það dýrasti hluti verksins.

Vitamálastjóri telur að vonum erfitt, eins og verðlag er hvíkul á efni og vinnu, að gera örugga áætlun um kostnað við þetta mannvirki, en álitur þó vonlaust að gera ráð fyrir minni tilkostnaði en 2 milljónum króna við þennan hafnargarð, og er frv. þetta byggt á því að hækka hin eldri hafnarlög sem því svarar. Mundu Húsvíkingar vilja byrja bryggjagerðina á sumri komanda, ef þess væri nokkur kostur. En til þess þarf að fá samþykktá þá breytingu á hinum eldri hafnarlögum og auk þess framlag frá ríkinu til framkvæmdanna.

Þegar búið er að reisa þennan skjólvegg fyrir skipalegu Húsvíkinga, eru öll skilyrði fyrir hendi til þess, að kauptúnið verði mikill útvegsstaður og að þar verði reist ein af stærstu sildarbræðslum landsins. Ræktunarskilyrði eru betri á Húsavík en við flesta kaupstaði landsins. Má óhætt fullyrða, að Húsavík gæti tekið á móti miklu af nýjum landnemum, auk þeirra, sem fyrir eru, ef unnt er að bæta úr skjólleysi hafnarinnar.

Meðfylgjandi bréf sýna, hversu Húsvíkingar hafa tryggt hafnarmálaframkvæmd sína með samningum við stjórn sildarverksmiðja ríkisins.

Fylgiskjal.

Endurrit úr gerðabók hafnarnefndar Húsavíkurrepps, 29. og 30. júlí 1942.

Ár 1942, miðvikudaginn 29. júlí, hélt hafnarnefnd Húsavíkur fund. Mættir voru hafnarnefndarmennirnir: Júlíus Havsteen, Sigurður Jónsson og Þorsteinn Gunnarsson. Enn fremur voru mættir oddviti Karl Kristjánsson og varaoddviti Einar

Guðjohnsen. Fundur þessi var haldinn til viðræðu við stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Mætti hún á fundinum: Þormóður Eyjólfsson, Sveinn Benediktsson og Þorsteinn M. Jónsson — en það er meiri hluti stjórnarinnar. Auk þess mætti framkvæmdarstjóri verksmiðjanna, Jón Gunnarsson.

Á fundinum gerðist:

1. Rætt um byggingu síldarverksmiðju í Húsavík, og athuguðu fundarmenn aðstöðu þar. Eftir alllangt fundarhald og umræður lýstu fulltrúar síldarverksmiðja ríkisins yfir eftirfarandi:

a. Síldarverksmiðjur ríkisins eru skuldbundnar til þess að reisa 10 þús. mála síldarverksmiðju í Húsavík strax og Húsavíkurbreppur hefur látið byggja hafnargarð suður frá Húsavíkurhöfða, svo langan og fullkominn, að hann veiti minnst 60 metra legukant fyrir skip, og við kantinn sé minnst 6 m. dýpi.

Jafnframt skuldbinda fulltrúarnir stjórn síldarverksmiðja ríkisins til þess að vinna að því við Alþingi og stjórnarvöld landsins, að hreppurinn fái samþykki þessara aðila til þessarar framkvæmdar, svo og að leggja lið við lánsútvegum.

b. Síldarverksmiðjurnar séu skuldbundnar til þess að standa straum af greiðslu á $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta af skuldum þeim, sem hvíla á fyrirtækinu þann tíma, sem dragast kynni að síldarverksmiðjan tæki til starfa eftir að hafnargarðurinn er svo upp kominn, að hann veiti nothæfa aðstöðu.

Framanritaðar yfirlýsingar eru þó gefnar að því tilskildu:

a. Að Alþingi heimili byggingu síldarverksmiðjunnar og ríkisstjórn samþykki bygginguna.

b. Að Húsavíkurbreppur leggi til ókeypis lóð fyrir síldarverksmiðjuna upp af hafnargarðinum. Takmarkast lóðin að norðan af beinni línu frá sjávarbakka eftir ytri jaðri íþróttavallar, en að austan aftur á móti af línu ca. 25 m. vestan við og samhliða Höfðavegi. Þó má lóðin skerðast í norðausturhorni um þríhyrning, og sé norðurhlið hans ca. 50 m. og austurhlið ca. 120 m. Öll sé lóðin ca. 50 þús. fermetrar.

Hafnarnefndin lýsti yfir því, að hún mæli með því við hreppsnefnd Húsavíkurbrepps, að ráðizt verði í byggingu hafnargarðsins og að öðru leyti orðið við framanrituðu tilboði stjórnarinnar og skilyrðum.

Fundargerð lesin og samþykkt. — Fundi slitið.

Sigurður Jónsson.	Júl. Havsteen.	Þorsteinn Gunnarsson.
Karl Kristjánsson.	Einar Guðjohnsen.	Þormóður Eyjólfsson.
Sveinn Benediktsson.	J. Gunnarsson.	Þorsteinn M. Jónsson.

Ár 1942, fimmtudaginn 30. júlí, hélt hafnarnefndin fund.

Mættir voru, auk formannsins, hafnarnefndarmennirnir Sigurður Jónsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. a. Í framhaldi fundarins í gær um hafnargarð suður af Húsavíkurhöfða og byggingu 10 þúsund mála síldarverksmiðju á Höfðanum, vill hafnarnefndin leggja svo hljóðandi tillögu eða bókun f. hreppsnefnd Húsavíkurbrepps til samþ.: „Þar eð meiri hluti stjórnar síldarverksmiðja ríkisins hefur á fundi hafnarnefndar Húsavíkurbrepps í gær lýst yfir því, að reist verði 10 þúsund mála síldarverksmiðja í Húsavík (á Höfðanum) strax og Húsavíkurbreppur hefur látið byggja hafnargarð suður frá Húsavíkurhöfða, svo langan og fullkominn, að hann veiti minnst 60 metra legukant fyrir skip, og að við kantinn sé minnst 6 metra dýpi, fellst hreppsnefndin á og samþykkir, að ráðizt sé í byggingu þessa hafnargarðs.“

Jafnframt felur hreppsnefndin oddvita sínum og hafnarnefnd formanni sínum að fara þess á leit við vitamálaskrifstofuna, að sem fyrst sé gerð ýtarleg og nákvæm áætlun um kostnaðinn við umræddan hafnargarð með hliðsjón af uppdrætti þeim og bráðabirgðaáætlun þeirri, sem gerð var af garðinum 1935 í desember, sbr. uppdr. B. nr. 362. --- Einnig er þeim falið að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún leyfi, að þetta mannvirki sé gert og að ríkissjóður greiði $\frac{2}{5}$ kostnaðarins við það og ábyrgist lán þau, sem hafnarsjóður Húsavíkur þarf að fá til þess að standa straum af $\frac{3}{5}$ kostnaðarins, og sé einnig fengin bakábyrgð sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, sbr. l. nr. 38/1933, um hafnargerð í Húsavík.

- b. Þá fallist og hreppsnefnd Húsavíkurhrepps á að afhenda ókeypis lóð undir sildarverksmiðjuna, eins og tilskilið er af sildarverksmiðjustjórninni á fundi í gær, sbr. atr. b. í fyrirvara stjórnarinnar.
- c. Hafnarnefndin gefur formanni sínum hér með fullt umboð til þess, bindandi fyrir hafnarsjóð Húsavíkurhrepps, að taka nauðsynleg lán til þess að koma fram hafnargarðinum og leggur til, að hreppsnefndin gefi honum og oddvita sínum sams konar umboð.

Hafnarnefndin tekur fram, að framanskráðar tillögur eru gerðar í trausti þess, að verkið reynist ekki óframkvæmanlegt sökum þess kostnaðar, sem samfara er núverandi og yfirvofandi dýrtíð.

Frekara ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Sigurður Jónsson.

Þorsteinn Gunnarsson.

Júl. Havsteen.

Rétt eftirrit vottar:

Júl. Havsteen.